

# Sæti ekki í stjórn án laga um kynjakvóta

VIÐSKIPTI INNLENT | 08:00 | 18. APRÍL 2015



Póra þurfti að hugsa sig um þegar henni bauðst sæti í stjórn Arion banka. „Ég þurfti að eiga samtál við sjálfa mig og sættast við forsendurnar, sem ég gerði.“

MYND/ARION

KRISTJANA GUÐBRANDSDÓTTIR SKRIFAR

Póra Hallgrímsdóttir lögfræðingur situr í stjórn Arion banka eftir að sett voru lög um kynjakvóta í stjórnir fyrirtækja. Áður var hún varamaður í stjórn. Hún segist hafa þá tilfinningu að hún myndi ekki sitja í stjórninni ef ekki væri fyrir lög.

„Ég er ansi hrædd um að lögini hafi verið nauðsynleg. Ég get fullyrt að ég sæti ekki í stjórn Arion banka ef ekki væri fyrir tilstilli þeirra. Það var að minnsta kosti mín tilfinning. Fyrst þegar ég fékk boð um stjórnarsetu, þá hugsaði ég með mér af hverju mér væri boðin stjórnarseta. Hvort það væri bara fyrir tilstilli laganna. Ég þurfti að eiga samtál við sjálfa mig og sættast við forsendurnar, sem ég og gerði.“

Hlutfall kvenna í stjórnnum fyrirtækja með fimmtíu starfsmenn eða fleiri er nú um það bil 45,5 prósent en var 31 prósent í fyrra samkvæmt nýlegri athugun Viðskiptablaðsins.

Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins segir framkvæmd laga um kynjakvóta í stjórnnum fyrirtækja hafa gengið vel. „Það hefur verið góður vilji hjá fyrirtækjum landsins. Það getur tekið tíma hjá fyrirtækjum að ná þessu takmarki.“

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að nokkrum konum hafi borist bréf þar sem þær eru spurðar hvort þær hafi tíma til að sinna stjórnarsetu í fyrirtækjum. Í þessum tilfellum hafa konurnar í krafti reynslu og sérþekkingar tekið að sér að sitja í stjórnnum nokkurra fyrirtækja samtímis.

Fjármálaeftirlitið hefur það hlutverk að meta hæfi einstaklinga til að sitja í stjórnnum eftirlitsskyldra aðila. Einn af þeim þáttum sem geta komið til álita, ef viðkomandi er í mjög mörgum stjórnnum, er hvort hann hafi hreinlega tíma til að sinna því starfi. Stjórnarmenn sem sitja í mörgum stjórnnum eru í einhverjum tilvikum beðnir skriflega um sjónarmið varðandi það hvort þeir telji sig hafa tíma til að sinna stjórnunarstörfum.



Unnur segir kynið ekki skipta máli þegar kemur að stjórnarsetu í fleiri en einu fyrirtæki. Smæð samfélagsins sé ástæða þess að fólk með þekkingu og reynslu situr í nokkrum stjórnnum fyrirtækja. „Samfélag okkar er svo smátt. Það getur jafnvel verið vandasamt í stærri samfélögum en okkar.“

Ua því að hversu erfitt það er að finna fólk með þekkingu og reynslu í stjórnir fyrirtækja  
VÍSIR/ERNI